



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um búvörulög (úthlutun tollkvóta), 376. mál.

Með frumvarpinu er eldra útboðsfyrirkomulag tollkvóta endurvakið tímabundið vegna markaðsáhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Meginmarkmið frumvarpsins er að lágmarka áhrif kórónuveirufaraldursins á innlenda framleiðslu landbúnaðarafurða.

Neytendasamtökin hafa fullan skilning á því að innlend framleiðsla hafi orðið fyrir skakkaföllum líkt og flestar atvinnugreinar á Íslandi vegna kórónuveirufaraldursins. Þá eru samtökin fylgjandi því að innlendum framleiðendum landbúnaðarafurða, sér í lagi bændum verði bættur skaðinn, líkt og öðrum atvinnugreinum. En Neytendasamtökin mótmæla harðlega áformum stjórnvalda um breytt fyrirkomulag tollkvóta sem mun leiða til verðhækkunar á innfluttum búvörum. Með því yrði þetta eina aðgerðin sem ríkisstjórnin hefur gripið til með það að markmiði að lágmarka áhrif kórónuveirufaraldursins, sem kostuð væri með sértækum álögum á neytendur.

Nýtt fyrirkomulag við útboð tollkvóta, svokallað jafnvægisútboð, tók gildi á þessu ári og hefur leitt til lægra útboðsgjalds. Samkvæmt nýju frumvarpi landbúnaðarráðherra á hins vegar að hverfa frá þessari leið og taka aftur upp gömlu útboðsleiðina sem mun leiða til hærri verðs á innfluttum landbúnaðarvörum. Eru rökin þau að kórónufaraldurinn hafi skaðað innlenda framleiðendur þar sem ferðamönnum hafi snarfækkað. Í greinargerðinni er ekki talað um hag neytenda í þessu sambandi.

Vert er að rifja upp að árið 2018 var skipaður starfshópur sem gert var að endurskoða fyrirkomulag um útboð tollkvóta. Var í skipunarbréfinu vísað til samnings Íslands og Evrópusambandsins þar sem kveðið var á um stækkun tollkvóta. Var hlutverk hópsins að endurskoða það fyrirkomulag sem verið hefur við lýði þar sem tollkvótum er úthlutað til hæstbjóðanda. Þá var sérstaklega tekið fram að hópurinn skyldi finna leiðir til þess að koma ávinningnum af þessum takmörkuðu gæðum í meira mæli til neytenda í formi lægra vöruverðs.

Til eru margar leiðir til að úthluta þeim takmörkuðum gæðum sem tollkvótar eru og engin þeirra er gallalaus. Var það niðurstaða meirihluta starfshópsins að leggja til svokallaða hollenska útboðsleið sem myndi að öllum líkindum leiða til lægra verðs á tollkvótunum. Lagði

starfshópurinn til að stjórnvöld myndu tryggja eftirlit með markaðinum þannig að lækkaðar álögur myndu skila sér í verðlækkun til neytenda. Var verðlagseftirliti ASÍ fengið það verkefni. Á þessu ári fór svo í fyrsta sinn fram útboð samkvæmt þessari nýju leið og fyrir liggur að verð á tollkvótum lækkaði í flestum vöruflokkum. Rannsókn ASÍ sem skilað var fyrir skömmu sýnir að sú verðlækkun skilaði sér að miklu leyti til neytenda auk þess sem framboð á sumum vöruflokkum jókst. Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld til að halda sig við þá stefnu sem mótuð hefur verið og sýnt hefur að gagnast neytendum. Eigi að sveigja af leið væri nær að úthluta tollkvótum án útboðs og stuðla þannig að enn frekari lækkun matarverðs í stað þess að hverfa til fyrra horfs.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er það lagt fram til að mæta tekjutapi matvælaframleiðenda vegna minnkandi eftirspurnar í kórónaveirufaraldrinum. Mótmæla Neytendasamtökin því að enn á ný eigi að reyna að seilast í vasa neytenda til að mæta skakkaföllum vegna faraldursins. Þær aðgerðir sem boðaðar eru með þessu frumvarpi munu hækka matvælaverð og auka verðbólgu. Neytendasamtökin leggjast því af fullum þunga gegn því að matvælaverð verði hækkað enn frekar á Íslandi. Þá verður að leggja af þá lensku að fyrsta hugmynd sem komi upp þegar eitthvað bjátar á sé að seilast í vasa neytenda. Þá er rétt að minna á að þrátt fyrir aukinn innflutning vegna stærri tollkvóta er hlutfall innlendrar framleiðslu á markaði mjög stór eða allt að 90% í flestum vöruflokkum sjá:

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/190131%20Sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps%20um%20%C3%BAthlutun%20tollkv%C3%B3ta.pdf>

Neytendasamtökin telja mikilvægt að stundaður sé öflugur landbúnaður á Íslandi enda mun innlend framleiðsla alltaf standa undir megin neyslu þjóðarinnar. En tollar og verndarhyggja eru hamlandi stuðningur sem leiðir til taps neytenda, og framleiðenda þegar litið er til lengri tíma. Þessi hamlandi stuðningur er hluti af gamalli og hverfandi arfleifð, af hverri bændur hafa hingað til ekki riðið feitum hesti og verður að láta af. Þess í stað þarf að leggja áherslu á styðjandi stuðning, stuðning við nýsköpun og beinan stuðning við bændur. Íslenskir bændur og aðrir matvælaframleiðendur hafa sýnt að þeim er heilt yfir treystandi til að framleiða holl og góð matvæli. Matvælaframleiðendur verða að treysta eigin framleiðslu. Treysta verður neytendum til að velja, en leggja til hliðar hamlandi hugmyndir um tollmúra og neyslustýringu.

Virðingarfyllst,

Fh.Neytendasamtakanna



Brynhildur Pétursdóttir
framkvæmdastjóri



Breki Karlsson
formaður